

Nr. 036 / 09 Kiddi Lár GK 501**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2704
Smíðaður: Reykjavík 2006, plast
Stærð: 18,2 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 12,45 m Skráð lengd: 10,23 m
Breidd: 4,59 m Dýpt: 1,95 m
Vél: Yanmar 323 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 4



Kiddi Lár ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. apríl 2009 var Kiddi Lár GK 501 að leggja línu um 30 sml. vestur af Sandgerði. Veður: A 10 m/sek.

Eftir að gangtruflanir komu upp í vélinni stöðvaðist hún og fékkst ekki í gang aftur. Við skoðun virtist olíulögn að forsíum vera stífluð og töldu skipverjar sig ekki hafa búnað við hendina til að hreinsa úr lögninni. Skipstjóri hafði samband við Björgunarsveitina Siguvon í Sandgerði og óskaði eftir aðstoð.

Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein kom og dró Kiddi Lár GK til Sandgerðis. Þar var blásið úr olíulögninni og olíutankurinn hreinsaður.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var tekin flotaolía á bátinn til jafns bæði hjá N1 og Olís í Sandgerði ;
- að olíutankurinn er undir lestinni og afmarkast hann af botni skipsins, lestargólfi og göflum sem allt er úr trefjaplasti. Mannop er í lestargólfinu (tanktoppnum) og það lokað með skrúfuðu stálloki niður í stálhring sem steyptur er í gólfið. Þétting á lokinu er gúmmípakking;
- að við hreinsun tanksins voru ekki tekin sýni úr olíunni en vélvirki sem kom að viðgerð sagði að stíflan í leiðslunni hafi verið ódagróður og þegar horft var ofan í tankinn „virtist þar vera mosapemba í botninum“. Hann

taldi að gúmmípakking undir mannopsloki hafi verið í góðu ástandi og ekki ástæða til að ætla að sjór kæmist í tankinn;

- að sögn skipstjóra/vélstjóra er ekki hægt að hleypa undan tanknum því engin lögn sé úr tankpílinu aftur í vélarrúmið önnur en neyslulögn vélarinnar. Aðilinn sem hreinsaði tankinn og hefur atvinnu hreinsun tanka í skipum sagði að í nokkrum gerðum báta af þessari stærð sé engin möguleiki á því að hleypa botnfalli undan olíunni en hjá öðrum framleiðendum er það jafnvel staðalbúnaður;
- að fram kom við rannsókn þessa atviks að þeir Dóri GK 42, Óli Gísla GK 112 og Von GK 113, sem allir róa frá Sandgerði, höfðu allir nýlega lent í svipuðum erfiðleikum vegna óhreininda en þeir komist til hafnar þar sem voru með varasíur um borð. Ekki voru tekin olíusýni nema hjá Óla Gísla GK;
- að úr þremur sýnum sem sem tekin voru af olíu Óla Gísla GK 112 og móttekin voru til rannsóknar hjá Fjölværingu efnað rannsóknarstofu þann 5. maí 2009 kemur fram að bakteríugróður er frá 10^5 til 10^6 og gerlagróður 10^2 til 10^3 en enginn sveppagróður. Þar segir einnig: Ótær, botnfallandi óhreinindi og vatn 1%. Efnafræðingur fyrirtækisins sagði að gerlagróður 10^4 flokkaðist sem „slide infection“ en 10^5 væri alvöru vöxtur gróðurmyndunar. „Við innflutning olíu viljum við ekki sjá aðra tölu um gróðurmyndun en 0.“ „Raki í olíunni getur hleypt gróðurmyndun mjög fljótt af stað.“

Nefndarálit:

Orsök vélarstöðvunar voru óhreinindi í olútanki sem stíflaði olíulögnina.

Sérstök ábending:

Nefndin beinir því til útgerðarmanna að halda olútönkum hreinum.